

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 — 1983

10. október 1983

1173

Nr. 651

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum út af Húnaflóa.

1. gr.

Frá og með 11. október 1983, uns annað verður ákveðið eru allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar á svæði sem afmarkast af línunum sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1.	66°48'47 N	21°00'09 V
2.	66°19'55 N	20°45'52 V
3.	66°22'22 N	21°26'21 V
4.	66°30'18 N	21°31'25 V.

Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er 12 sjómíllur frá grunnlínu, sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 11. október 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 595 9. ágúst 1983 um bann við togveiðum út af Húnaflóa.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. október 1983.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórsson.

16. september 1983

Nr. 652

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana á Akureyri
o. fl. nr. 307 2. júlí 1975.

Á eftir 3. mgr. 2. gr. komi ný mgr.

Á fimmtudögum skal heimilt að halda öllum sölustöðum opnum til kl. 22.00 eða næsta virkan dag á undan, sé fimmtudagur helgidagur.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokun sölubúða til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. september 1983.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

Tvístefnuakstur verður á Skipagötu milli Kaupvangsstrætis og Strandgötu og skal umferð um Skipagötuna njóta aðalbrautarréttar á milli áðurnefndra gatna. Jafnframt eru bifreiðastöður bannaðar beggja vegna á Skipagötu, nema vestan götunnar við Ráðhústorg.

Ákvæði auglýsingar þessarrar taka gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi eldri andstæðar reglur um umferð á Akureyri.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 26. september 1983.

Eliás I. Eliasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna
nr. 390/1974.

1. gr.

Við lista B á fylgiskjali I (efni, sem eingöngu er heimilt að nota hér á landi í vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og jafnframt eru eftirritunarskyld) bætist.

B. 22 Buprenorphinum INN

Efni merkt B. 22 verði B. 23 o. s. frv.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. september 1983.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingolf J. Petersen.